



**Lánaþjóður sveitarfélaga ehf.**

**VIÐAUKI**

við grunnlýsingu  
dags. 28. október 2008

Skuldabréfaútgáfa október 2008

**LSS150224**

Apríl 2009

# 1 ÁBYRGIR AÐILAR

## 1.1 Útgefandi

Lánasjóður sveitarfélaga ohf., kt. 580407-1100, Borgartúni 30, 105 Reykjavík.

## 1.2 Yfirlýsing útgefanda

Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri, fyrir hönd útgefanda, nafngreindir hér að neðan, lýsa því yfir að samkvæmt þeirra bestu vitund eru upplýsingarnar, sem þessi viðauki við grunnlýsinguna hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum er sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar. Jafnframt er útgefandi umsjónaraðili með töku skuldabréfanna til viðskipta á NASDAQ OMX Iceland hf.

Reykjavík, 27. apríl 2009  
f.h. Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.  
Borgartúni 30, 105 Reykjavík

---

Magnús B. Jónsson  
stjórnarformaður

---

Óttar Guðjónsson  
framkvæmdastjóri

## 2 TILKYNNING TIL FJÁRFESTA

Þessi viðauki við grunnlýsingu Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. dagsett 28. október 2008 er gerður til að koma á framfæri við fjárfesta mikilvægum nýjum upplýsingum sbr. 1. mgr. 46. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, sem komið hafa í ljós síðan grunnlýsingin var birt þann 29. október 2008. Þessi viðauki er dagsettur 27. apríl 2009.

Þar sem viðaukinn tekur aðeins til tiltekinna atriða, skulu fjárfestar lesa viðaukann samhlíða grunnlýsingunni til að öðlast nægjanlegar upplýsingar um útgefanda og skuldabréfaflokkinn.

Með þessum viðauka er upplýsingum um breytingu á stjórn komið á framfæri sem er breyting á 5. kafla („Stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga og framkvæmdastjóri“) í útgefandalýsingu Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. dagsett 27. maí 2008 sem felld hefur verið inn í grunnlýsinguna með tilvísun. Einnig er ársreikning 2008 bætt við kafla 7 í grunnlýsingunni („Fjárhagsupplýsingar“):

Á aðalfundi Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. þann 13. mars 2009 var kosin ný stjórn og lagður fram og samþykktur ársreikningur 2008. Í skýrslu stjórnar er farið í meginmáli yfir nýjustu tölur og breytingar milli ára í rekstri sjóðsins.

Sú breyting varð á stjórn lánasjóðsins að Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir (Borgarfulltrúi Reykjavíkurborg) var kosin ný í stjórn og Anna Skúladóttir vék úr stjórn. Engir hagsmunaárekstrar eru milli skyldustarfa fyrir útgefanda og persónulegra hagsmuna eða annarra skyldustarfa Þorbjargar. Viðskiptaheimilisfang Þorbjargar er að Borgartúni 30, 128 Reykjavík.

Sú breyting varð einnig að framkvæmdastjóraskipti urðu hjá lánasjóðum. Óttar Guðjónsson tók við sem framkvæmdastjóri 1. janúar 2009 af Þorsteini Þorsteinssyni. Engir hagsmunaárekstrar eru milli skyldustarfa fyrir útgefanda og persónulegra hagsmuna eða annarra skyldustarfa Óttars. Viðskiptaheimilisfang Óttars er að Borgartúni 30, 128 Reykjavík.

Viðbót við 7. kafla í grunnlýsingu er ársreikningur 2008.

Helstu liðir ársreiknings 2008 birtast í skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra, sem hljóðar svo:

### Lánveitingar og lántökur

Útborguð langtímalán 2008 námu 15.505 m.kr. miðað við 4.047 m.kr. árið áður. Lántökur á árinu voru samtals 16.536 m.kr. og voru 5.440 m.kr. þar af í erlendum gjaldmiðlum eða 33%. Aðstæður á lánamörkuðum voru einstakar, innlent bankakerfi hrundi og verðbréfa- og gjaldeyrismarkaðir lokuðu um skemmri og lengri tíma. Við þetta bættust mikil lóðaskil sem leiddu til mikils útlæðis fjár hjá nokkrum sveitarfélögum. Skammtímalánveitingar sjóðsins námu 6.158 m.kr. á árinu samanborið við 5.840 m.kr. árið áður. Engin vanskil voru hjá sjóðnum í árslok. Sjóðurinn hefur aldrei tapað útláni frá því að hann hóf

starfsemi árið 1967 og hefur því engan afskriftareikning útlána í bókum sínum. Sjóðurinn hefur veð í tekjum sveitarfélaga sem tryggingu fyrir lánnum sem þau taka og ábyrgðum sem þau veita. Ekki þurfti að grípa til veðs í tekjum á árinu.

Lán þau sem sjóðurinn veitir af eigin fé sínu eru verðtryggð miðað við vísitölu neysluverðs og eru uppgreiðanleg. Vextir þeirra eru breytilegir og voru lækkaðir 1. apríl úr 5,95% í 5,00% og aftur þann 1. október í 4,25%. Endurlán eru með sömu grunnkjörum og lántökurnar að viðbættu vaxtaálagi til að standa undir rekstrarkostnaði. Lánasjóðurinn hefur í gegnum tíðina ekki verið með teljandi gjaldeyris- eða vaxtaáhættu í rekstri sínum. Við hrun bankanna lokuðust gjaldeyrisvarnir sem sjóðurinn var með og er því óvarin gjaldeyrisstaða í árslok 4.225 m.kr.

#### **Afkoma og efnahagur**

Hagnaður ársins nam 1.225 m.kr. á móti 1.219 m.kr. árið áður. Lánasjóðurinn færði niður afleiðusamninga að fjárhæð 1.472 m.kr. vegna greiðslustöðvunar Glitnis banka hf. í nóvember og lækkaði þar með hagnaður ársins sem hefði annars verið 2.697 m.kr. í 1.225 m.kr. Stýrivextir Seðlabanka voru háir allt árið og var ávöxtun af veltufjáreignum sjóðsins því með ágætum. Lánasjóðurinn hefur í dag þrjá fasta starfsmenn, en hefur að öðru leyti samstarf við Samband íslenskra sveitarfélaga um skrifstofuhald. Hefur samstarfið reynst honum hagkvæmt.

Niðurstaða efnahagsreiknings í árslok 2008 nam 63.956 m.kr. á móti 41.733 m.kr. árið áður þar sem mestu munar um 21.091 m.kr. aukningu útlána á árinu. Þess ber þó að geta að 4.454 m.kr. útlánaaukningar skýrist af verðbótum þar sem 62% útlána sjóðsins er verðtryggður. Jafnframt er 9.282 m.kr. útlánaaukning vegna gengisáhrifa þar sem 32% er í erlendri mynt. Eigið fé nam 11.273 m.kr. á móti 10.048 m.kr. árið áður og hefur hækkað um 12,2% á árinu.

Það er mat stjórnar og framkvæmdastjóra að þrátt fyrir erfið ytri rekstrarskilyrði þá muni það ekki hafa áhrif á rekstur sjóðsins árið 2009. Stjórn og framkvæmdastjóri meta sjóðinn rekstrarhæfan og er ársreikningurinn lagður fram á grundvelli þess

Stjórnin leggur til að ekki verði greiddur arður vegna rekstrarársins 2008, en að útborgun á eiginfjárluta á árinu 2009 verði í samræmi við samþykkt ársfundar lánasjóðsins 23. mars 2007. Að öðru leyti vísast til ársreikningsins varðandi ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

#### **Breytingar í starfsmannamálum**

Um síðustu áramót tók Óttar Guðjónsson formlega við sem framkvæmdastjóri sjóðsins af Þorsteini Þorsteinssyni. Jafnframt hætti Birgir L. Blöndal störfum en hann var starfsmaður Sambands íslenskra sveitarfélaga og hafði verið lánastjóri fyrir lánasjóðinn og voru tveir starfsmenn ráðnir til sjóðsins.

### **3 SKJÖL TIL SÝNIS OG SKJÖL FELLD INN MEÐ TILVÍSUN**

Ársreikningur lánasjóðs sveitarfélaga ohf. frá 31. desember 2008 er hér með felldur inn í viðauka þennan með tilvísun. Ársreikninginn má nálgast hjá útgefanda að Borgartúni 30, 105 Reykjavík, eða á heimasíðu hans: [www.lanasjodur.is](http://www.lanasjodur.is), á meðan grunnlýsingin er í gildi.